

Reykjanesbær
Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri
Tjarnagötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 5. Nóvember 2021

Sjónarhóll hefur á undanförunum árum boðið uppá gjaldfrjálsa þjónustu sem fólgin er í ráðgjöf og stuðningi við börn með sérþarfir og fjölskyldur þeirra. Ráðgjöf þar sem hagsmunir og réttindi barnsins eru ávallt í forgrunni. Þessi þjónusta hefur verið í boði síðan 2004 fyrir íbúa og starfsmenn – í Reykjanesbæ jafnt sem annarsstaðar.

Með bréfi þessu óskar Sjónarhóll eftir samstarfi við Reykjanesbæ um aukna fræðslu og þjónustu í sveitarfélaginu, fyrir starfsmenn sem sinna börnum með sérþarfir jafnt og fyrir börn með sérþarfir og fjölskyldur þeirra.

Nú þegar sitja ráðgjafar okkar fjölda teymisfunda í grunnskólum og veita óháða ráðgjöf jafnt fyrir fjölskyldur og þá fagaðila sem tengjst málunum og eru starfsmenn grunnskólar og annara stofnanna Reykjanesbæjar þar engin undantekning. Samstarfið gæti verið í formi reglulega viðtala fyrir þá starfsmenn bæjarins sem vinna með börnum með sérþarfir eða beins styrks við starfsemi Sjónarhóls sem áfram munu þjónusta íbúa sveitarfélagsins.

Nýlega innleiddi Sjónarhóll nýtt og öflugt málaskráarkerfi með hliðsjón af lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Miklir möguleikar eru í upplýsingarsöfnun, endurgjöf og samstarfi við Reykjanesbæ með þessu nýja kerfi svo hægt sé að vinna sameiginlega að úrræðum og lausnum mála.

Hver sem leiðin yrði, óskum við með bréfi þessu eftir allt að kr. 500.000,- í styrk, sem nýttur yrði samkvæmt nánara samkomulagi.

Með bréfi þessu fylgir almenn greinargerð um starfsemi Sjónarhóls og frekari upplýsingar og samtal um útfærslur, sé þess óskað, er hægt að verða við hvenær sem er.

Virðingarfyllst,

F.h. Sjónarhóls
Elísabet Inga Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri

Greinargerð um starfsemi Sjónarhóls

Starfsemi Sjónarhóls er fyrst og fremst fólgin í ráðgjöf og stuðningi við börn með sérþarfir og fjölskyldur þeirra. Ráðgjöf þar sem hagsmunir og réttindi barnsins eru ávallt í forgrunni. Áhersla er lögð á að hjálpa foreldrum eða forráðamönnum að greina þarfir barnsins og fjölskyldunnar, efla og nýta eigin þjargráð, styðja foreldra við sjálfstæði og að fræða foreldra um þau þjónustuúrræði sem gætu nýst þeim.

Til að gefa hugmynd um umfang starfseminnar má nefna að ný mál árið 2019 voru 304 talsins en voru 312 árið 2018 og 313 árið 2017. Fjöldi nýskráninga gefur ekki einn og sér rétta mynd af umfangi starfseminnar. Mál eru misþung í vinnslu, allt frá einu viðtali upp í margra ára eftirfylgni.

Fjármagn til reksturs starfsemi Sjónarhóls kemur að mestu frá styrktarveitingum og þjónustusamningum og því afar mikilvægt að tryggja áframhaldandi fjármagn frá ríki og sveitafélögum, að öðrum kosti mun starfsemin að öllum líkindum leggjast alfarið af.

Meginhlutverk starfseminnar:

„Sjónarhóll er óháð ráðgjafarmiðstöð sem vinnur að því að styrkja og efla einstakar fjölskyldur. Starfsmenn Sjónarhóls eru liðsmenn fjölskyldna og veita aðgengilega lausnarmiðaða aðstoð. Megintilgangurinn með þjónustunni er að börn og fjölskyldur þeirra geti nýtt sér almenna lögbundna þjónustu og komist í samband við önnur úrræði sem gætu gagnast þeim. Sjónarhóll vinnur einnig að samþættingu og umbótum í þjónustu við fjölskyldur barna með ólíkar þarfir.“

Í því felst meðal annars:

- Að vera óháður liðsmaður fjölskyldunnar
- Efla foreldra/forráðamenn til sjálfstæðis, með hlustun, stuðningi og fræðslu
- Aðstoða fjölskyldur sem þess þurfa við að sækja lögbundna þjónustu
- Stuðla að samþættingu þjónustu við börn með sérþarfir og fjölskyldur þeirra
- Þjónða alla velkomna – engin krafa um tilvísun né formlega greiningu, enginn biðlisti og ekkert aldurstakmark sem gengur út frá að foreldri/forráðamaður „hætti að vera foreldri“ þegar barn nær 18 ára aldri.

Sérstaða Sjónarhóls hefur hingað til falist í að brjóta múra á milli kerfa þar sem skort hefur upp á að þjónustuaðilar/þjónustuveitendur vinni markvist saman að hag barna með sérþarfir og fjölskyldna þeirra. Faglegt sjálfstæði einkennir starfssemi Sjónarhóls, þar sem hagsmunir barna eru ofar öllu. Í allri vinnu reyna starfsmenn Sjónarhóls ávallt að benda á leiðir í flókinni stöðu, fjölskyldum og þjónustuveitendum til góða.

Sjónarhóll er ekki hluti af opinberu þjónustukerfi, hvorki ríkis né sveitarfélaga. Í leit sinni að lausnum þurfa ráðgjafar því einungis að huga að hagsmunum fjölskyldna sem til Sjónarhóls leita, óháðir öðru yfirvaldi. Þjónusta Sjónarhóls er gjaldfrjál.

Ráðgjafar og stjórnendur Sjórhóls eru í nánnum tengslum við stofnfélög Sjórhóls og aðra aðila sem í húsinu starfa. Mikill ávinningur er fyrir alla aðila að hafa aðgang að slíkri þekkingu. Samstarf við jafn öflug, reynd og rótgróin hagsmunafélög veita Sjórhóli afdráttarlausu sérstöðu sem leiðandi aðili í ráðgjafarstarfsemi fyrir börn með sérþarfir og aðstandendur þeirra.